

Orkustofnun  
Skúli Thoroddsen  
Grensásvegi 9  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 09. maí 2016  
2016040009/42-0  
TB  
jgo/tb

### Umsókn Dalsorku ehf. um rannsóknaleyfi á vatnasviði Selár í Selárdal, Súgandafirði

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Dalsorku ehf. um rannsóknaleyfi á vatnasviði Selár í Selárdal Súgandafirði vegna virkjun árinna. Um er að ræða hugmyndir um virkjun sem framleiði 300-350 kW.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að leyfi sé veitt til rannsókna sem ekki hafa í för með sér rask á landi. Hugmyndir um stærð framangreindrar virkjunar gera það að verkum að hugsanleg virkjun fellur hvorki undir lög um mat á umhverfisáhrifum né heldur lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Engu að síður telur Náttúrufræðistofnun að líta eigi til sömu forsenda hvað varðar leyfisveitingar um orkurannsóknir minni virkjana þ.e. að þær séu ekki leyfisskyldar og framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða hugsanlega háðar mati á umhverfisáhrifum. Einnig að rannsóknirnar fari ekki í bága við lög um náttúruvernd s.s. akstur utan vega.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

